

**Ed.**

## **794. Nefndarálit**

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta flutti nefndin í byrjun desembermánaðar s. l. að beiðni dómsmálaráðherra, en einstakir nefndarmenn létu þess þá þegar getið, að þeir hefðu óbundnar hendur um afgreiðslu þess.

Nefndin ritaði ýmsum aðilum og óskaði umsagnar þeirra um málið. Bárust henni svarbréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Læknafélagi Reykjavíkur og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samkvæmt ósk Sjálfstæðisflokksins tók Gísli Jónsson sæti í nefndinni í stað Bjarna Benediktssonar við afgreiðslu þessa máls.

Þar sem nefndin vildi leitast við að hraða athugun og afgreiðslu málsins og formaður millipinganefndar þeirrar, er samdi frv., á sæti í henni, ákvað nefndin að leita eftir því við heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar, að hún starfaði með nefndinni við lestur og athugun frv. Féllst neðrideildarnefndin á þetta. Enn fremur var ákveðið að óska þess, að herra Brynjólfur Stefánsson, sem einnig átti sæti í millipinganefndinni, mætti á fundunum, og varð hann við þeim til-mælum.

Nefndirnar hafa starfað óslitið að athugun frv. frá því í febrúarbyrjun og haldið um það mjög marga fundi, ýmist sameiginlega, nefndin ein eða einstakir nefndarmenn, sem falin hefur verið athugun einstakra atriða.

Nefndin hefur eigi getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna (HermJ) leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en meiri hlutinn (HG, GJ og StgrA) samþ. að mæla með frv. með þeim breytingum, sem á þingskjali 796 greinir. Þó hefur einn þeirra (StgrA) eigi fallizt á breytingartillögu nefndarinnar varðandi lífeyri ekkna og mun bera fram breytingartillögu um það efni. Enn fremur áskilur hann sér rétt til að bera fram fleiri breytingartillögur.

Nokkrar breytingartillögur við I. kafla laganna, sem ágreiningur er um, hafa verið lagðar fram og ræddar í nefndinni. Meiri hlutinn er þó sammála um að leggja engar breytingartillögur við þann kafla fram við 2. umræðu, en einstakir nefndarmenn geyma sér rétt til að bera fram breytingartillögur við hann fyrir 3. umræðu og láta þess getið, að afstaða þeirra til fullnaðarafgreiðslu frv. úr deildinni geti oltið á því, hverja afgreiðslu breytingartillögur þeirra fái.

Einn nefndarmanna (LJóh) var veikur, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 12. apríl 1946.

H. Guðmundsson,  
form., frsm.

Gísli Jónsson.

Steingr. Aðalsteinsson.